

Alþingi – nefndarsvið
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 14. desember 2012

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (hækkun tóbaksgjalds) - 468. mál

Samkvæmt nefndu frumvarpi er gert ráð fyrir að hækkun á tóbaksgjaldi nú verði langt umfram almenna verðlagsþróun, eða allt að 15%. Fyrir þá sem kjósa að neyta tóbaks mun þessi breyting því leiða til verulegs útgjaldaauka. Vísitöluáhrif þessara breytinga eru ekki síður alvarleg, með tilheyrandi afleiðingum fyrir skuldir heimila og fyrirtækja í landinu.

Mikilvægt er fyrir löggjafann að leita jafnvægis milli lýðheilsusjónarmiða og skattöflunarsjónarmiða við ákvarðanir um skattahækkanir. Hófleg reglubundin hækkun, sem er í samræmi við almenna verðlagsþróun, er að mati samtakanna heilladrýgri leið þegar til lengdar lætur. Slík aðferð tryggir betur almenna sátt um það fyrirkomulag sem ríkir og ætti einnig að tryggja þann skattstofn sem tóbaksgjaldið er.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP



Andrés Magnússon